

Ársfundur Fjár-og Hjarðhundadeildar 2026

Haldinn í Húsnæði HRFÍ, Melabraut þann 26. janúar kl 20:00.

Fjórir úr stjórn deildarinnar eru mættir, Guðrún Th Guðmundsdóttir formaður, Elín Huld Kjartansdóttir gjaldkeri, Helga Anna Ragnarsdóttir og Þórunn Jónasdóttir meðstjórnendur.

Fundarstjóri er Guðrún Th Guðmundsdóttir og Þórunn Jónasdóttir ritar fundargerð.

Mjög góð mæting á fundinum, alls 43.

Fyrsta mál á dagskrá var ársskýrsla stjórnar. Hana má nálgast í heild sinni á heimsíðu deildarinnar. Ársskýrsla formanns var samþykkt.

Næst voru bornir upp reikningar deildarinnar og voru þeir samþykktir. Þá má líka sjá á heimasíðu deildarinnar.

Spurt var út í hvort ekki yrðu lesnar upp skýrslur tengiliða hverrar tegundar en upplýst var um að líkt og á síðasta ári væru allar skýrslur sem hefðu borist yrðu aðgengilegar á heimasíðu deildarinnar.

Þá var komið að því að kjósa í stjórn. Þrjú sæti voru laus eftir tveggja ára setu stjórnarmeðlima, en þeir tveir stjórnarmeðlimir sem voru endurkjörnir á síðasta ársfundi gáfu heldur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Því var kosið um fimm meðlimi í stjórn, þrjá til tveggja ára og tvo tileins árs. Fimm gáfu kost á sér í stjórnina og voru þau samþykkt og kjörin með lófaklappi.

Nýja stjórn skipa:

- Kristín Hafsteinsdóttir til tveggja ára
- Stella Sif Gísladóttir til tveggja ára
- Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir til tveggja ára
- Ragnheiður Arnardóttir til eins árs
- Vignir Sigurðsson til eins árs

Undir liðnum önnur mál var rætt er um stigagjöf deildarinnar. Lilja Dóra tengiliður Sheltie kynnti stigatalningarkerfi sem allir gætu nýtt sér og þá yrði samræmi milli tegunda innan deildarinnar. Nokkrar umræður sköpuðust um málið en á endanum var samþykkt að fara eftir þessu uppfærða stigakerfi. Hér fyrir neðan má sjá það skjal í heild sinni.

Samþykkt fundargerðar

Guðrún Th Guðmundsdóttir

Elín Huld Kjartansdóttir

Hrafnhildur Björk Eggertsdóttir

Helga Anna Ragnarsdóttir

Þórunn Jónasdóttir

Stigagjöf hunda Fjár- og hjarðhundadeildar

1. Stigahæstu hundar hvernar tegundar fyrir sig og stigahæsti hundur deildar, eru fundnir með

því að leggja saman þau stig sem hundurinn fær eftir hverja sýningu.

Allar „all breed“ sýningar á vegum HRFÍ og deildarsýningar á vegum Fjár- og hjarðhundadeildar (þar sem allar tegundir deildarinnar geta skráð og gefa stig tili meistara), telja til stiga.

Í hverri tegund deildar er heiðraður:

- Stigahæsti hundur og stigahæstur af gagnstæðu kyni
- Stigahæsti öldungur
- Stigahæsti ungliði

Fyrir utan sýningarárangur eru vinnuhundar heiðraðir fyrir árangur á vinnuprófum.

Stigahæsti hundur, öldungur, ungliði og ræktandi deildar eru heiðraðir.

2. Eftirfarandi árangur veitir stig á sýningum:

Stigahæsti hundur tegundar

Meistaraefni – 1 stig

Rakkar og tíkur í sætum 1-4 í besta rakki/besta tík fá stig eftir því hversu margir eru skráðir í

þá tegund hverju sinni, að undanskildum hvolpum:

Fjöldi skráðra í tegund BOB BOS BR/BT-2 BR/BT-3 BR/BT-4

1-5 6 4 3 2 1

6-10 8 6 5 4 3

11-20 10 8 7 6 5

21-40 12 10 9 8 7

41+ 14 12 11 10 9

Stig fyrir sæti í tegundahóp (BIG) á sýningum HRFÍ og í úrslitum (BIS) hjá deild:

1.sæti: 5 stig 2. sæti: 4 stig 3. sæti: 3 stig 4. sæti: 2 stig

Stig fyrir sæti í BIS á sýningum HRFÍ:

1.sæti: 5 stig 2. sæti: 4 stig 3. sæti: 3 stig 4. sæti: 2 stig

Dæmi: Hundur á HRFÍ sýningu, 20 er skráðir í tegund, verður BIS-1: 21 stig

Dæmi: Hundur á deildarsýningu, 20 hundar skráðir í tegund, verður BIS-1: 16 stig

Stigahæsti öldungur og stigahæsti ungliði

Besti öldungur/ungliði tegundar – 5 stig

Besti öldungur/ungliðið af gagnstæðu kyni – 3 stig

Sæti í BIS öldung/ungliða hjá deild, BIG öldung/ungliða hjá HRFÍ ef slík keppni fer fram:

1.sæti: 5 stig 2. sæti: 4 stig 3. sæti: 3 stig 4. sæti: 2 stig

Sæti í BIS öldung/ungliða hjá HRFÍ með BIG undankeppni:

1.sæti: 5 stig 2. sæti: 4 stig 3. sæti: 3 stig 4. sæti: 2 stig

Sæti í BIS öldung/ungliða hjá HRFÍ án BIG undankeppni

1.sæti: 10 stig 2. sæti: 9 stig 3. sæti: 8 stig 4. sæti: 7 stig

Stigahæsti ræktandi:

Stig eru reiknuð fyrir hverja viðurkennda tegund ræktanda (ef við á: reiknuð fyrir hvert

afbrigði tegundar ef það getur átt sérstakan BOB fulltrúa). Stig fleiri hundategunda leggjast því ekki saman. Til að eiga kost á stigum, skal ræktandi vera félagsmaður í HRFÍ, með lögheimili á Íslandi og eiga FCI viðurkennt ræktunarnafn.

Hvert meistaraefni úr ræktun viðkomandi: 1 stig

Heiðursverðlaun fyrir ræktunarhóp: 2 stig

Ræktunarhópur í sæti í BIS úrslitum deildarsýningar:

1.sæti: 5 stig 2. sæti: 4 stig 3. sæti: 3 stig 4. sæti: 2 stig

Ræktunarhópur í sæti í BIS úrslitum HRFÍ sýningar:

1.sæti: 10 stig 2. sæti: 9 stig 3. sæti: 8 stig 4. sæti: 7 stig

3. Eftirfarandi árangur veitir stig fyrir vinnuþróf:

Smalahundur: Stig á smalaþrófum HRFÍ.

Hlýðnihundur: Stig frá Vinnuhundadeild HRFÍ, eftir þeim útreikningum sem vinnuhundadeild

notar (stigatafla í árslok).

Sporahundur: Stig frá Vinnuhundadeild HRFÍ, eftir þeim útreikningum sem Vinnuhundadeild

notar (stigatafla í árslok).

Hundafimihundur: Stig frá Íþróttadeild HRFÍ, eftir þeim útreikningum sem Íþróttadeild notar (stigatafla í árslok).

Rally-hlýðni: Stig frá Vinnuhundadeild HRFÍ, eftir þeim útreikningum sem Íþróttadeild notar (stigatafla í árslok).

Verði keppnisgreinum til stiga bætt við hjá vinnudeildum hunda, er stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar heimilt að bæta við heiðrun á stigahæsta hundi deildar í viðkomandi greinum.

Allur árangur, í þrófum og sýningum, gildir til stiga það ár sem honum er náð.

Efnislega samþykkt á ársfundi Fjár- og hjarðhundadeildar 26.1.2026